

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Einiholt 3, L192608.

Deiliskipulagið tekur til byggingar íbúðarhúss, skemmu og gestahúsa. Á byggingarreit B1 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða í sitt hvoru lagi. Einnig allt að 200 m² skemmu og allt að 60 m² geymslu. Á byggingarreit B2 er heimilt að byggja allt að 150 m² skemmu. Á lóðum 1 og 2 er heimilt að byggja allt að 65 m² gestahús á hvorri lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 22. ágúst 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2020